



Minnisblað um útboð á fruminnheimtu

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Fjármála- og áhættustýringarsvið

Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs gaf út erindisbréf þann 18. júlí sl. vegna stofnunar á starfshópi um útboð á fjármálaþjónustu vegna fruminnheimtu. Með fruminnheimtu er átt við stofnun krafna í banka og þjónusta þeirra á meðan þær eru virkar í banka.

Hlutverk hópsins er að undirbúa innkaupaferli á fjármálaþjónustu vegna fruminnheimtu sem taka á gildi eigi síðar en 1. janúar 2023. Gert er ráð fyrir að útboðsferlið hefjist í byrjun september.

Samningar við Íslandsbanka sem sjá um fruminnheimtu fyrir Reykjavíkurborg renna út í lok árs án þess að hægt sé að framlengja samningnum.

Markmið með að fara með fruminnheimtu í útboð er að gera samning við einn aðila til að sjá um fruminnheimtu fyrir Reykjavíkurborg. Njóta þess í kjörum, tryggja rétta bókun tekna, rétt uppgjör og bæta öryggi, yfirsýn og eftirlit með fruminnheimtu.

Núverandi samningur var gerður við Íslandsbanka fyrir um sex árum síðan. Samningurinn var gerður til 5 ára með möguleika á framlengingu um eitt ár sem ákveðið var að nýta.

Nú hefur verið ákveðið að hafa gildistíma samnings í 7 ár frá því að samningur er kominn á en að heimilt verði að segja honum upp með 6 mánaða fyrirvara 12 mánuðum eftir að samningur er kominn á. Heimilt verður, að fengnu samþykki seljanda, að framlengja samninginn um tvisvar sinnum tvö ár í senn.

Ákveðið var að gera lengri samning núna heldur en síðast þar sem það kom í ljós að mikil vinna felst í því að skipta um umsjónaraðila og því ekki forsvaranlegt að gera styttri samning en til 7 ára.

Ekki er gert ráð fyrir því að neinar breytingar fylgi því fyrir þjónustuþega borgarinnar að skipta um umsjónaraðila fruminnheimtu, komi til þess, þar sem um tiltölulega staðlaða þjónustu er að ræða. Vonir standa þó til að ná fram einhverju kostnaðarhagræði með að fara í útboð með þjónustuna. Fjármála- og áhættustýringarsvið mun leggja nýjan samning fyrir borgarráð til samþykktar.

Virðingarfyllst,
Halldóra Káradóttir
Sviðsstjóri
Fjármála- og áhættustýringarsvið